



## 38. fundur, umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar, Þórshöfn föstudaginn 7. desember 2018 og hófst klukkan 12:00.

**Mættir voru:** Jósteynn Hermundsson, Sölvi Steinn Ólason, Oddur Skúlason, Steinunn Leósdóttir, Karl Ásberg Steinsson og Elías Pétursson sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort einhver gerði athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

### Dagskrá

1. Tillögur að breytingum á aðalskipulagi
  - 1.1. Hesthúsahverfi
  - 1.2. Efnistaka fyrir námur
2. Tillögur að breytingum á deiliskipulagi
  - 2.1. Hesthúsahverfi
  - 2.2. Miðsvæði
  - 2.3. Athafnasvæði
  - 2.4. Þórshafnarkirkja
3. Hafnartangi á Bakkafirði, lóðablað
4. Umsókn um stofnun lögbýlis að Hólum
5. Eftirlitsskýrsla UST, dags. 25.9.2018, vegna urðunnaarstaðarins á Bakkafirði
6. Landfræðilegar upplýsingagögn sveitarfélaga, frá Þjóðskrá Íslands, móttakið 7. nóvember 2018
7. Umsókn um skilti frá Bárinni
8. Viðbyggingar við Hafnargötu 13b á Bakkafirði
9. Umhverfisaætlan vegna urðunnaarstaðar á Bakkafirði
10. Önnur mál

### Fundargerð

#### 1. Tillögur að breytingum á aðalskipulagi

- 1.1. *Breytt landnýting.* Lögð var fram tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027. Viðfangsefni er breyting á skilgreiningu á landnotkunarreitum. Breytingin er sett fram á breytingarblaði dags. 30. nóvember 2018.

**Bókun um afgreiðslu:** Umhverfis- og skipulagsnefnd felur sveitarstjóra að auglýsa aðalskipulagsbreytingu skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillaga skal send til Skipulagsstofnunar til yfirferðar áður en hún er auglýst sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt samhljóða

- 1.2. *Efnistaka og námur.* Lögð var fram tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027. Viðfangsefni er skilgreining á námum og



efnistökusvæðum. Breytingin er sett fram á breytingarblaði dags. 29. nóvember 2018.

**Bókun um afgreiðslu:** Umhverfis- og skipulagsnefnd felur sveitarstjóra að auglýsa aðalskipulagsbreytingu skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillaga skal send til Skipulagsstofnunar til yfirferðar áður en hún er auglýst sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt samhljóða

## 2. Tillögur að breytingum á deiliskipulagi

1.3. *Deiliskipulag hestúsaahverfis við Þórshöfn.* Lögð var fram tillaga að deiliskipulagi hestúsaahverfis við Þórshöfn. Skipulagsgagn er skipulagsuppráttur með greinargerð dags. 30. nóvember 2018. Deiliskipulagið er unnið samhliða breytingu á Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 þar sem landnotkunarreitur Íþ1 er skilgreindur fyrir hestúsaahverfi.

**Bókun um afgreiðslu:** Umhverfis- og skipulagsnefnd felur skipulagsfulltrúa að auglýsa tillögu að deiliskipulagi skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt samhljóða

1.4. *Deiliskipulag miðsvæðis við Bakkaveg og Vesturveg á Þórshöfn.* Lögð var fram tillaga að deiliskipulagi miðsvæðis við Bakkaveg og Vesturveg á Þórshöfn. Skipulagsgögn eru greinargerð og skipulagsuppráttur dags. 30. nóvember 2018.

**Bókun um afgreiðslu:** Umhverfis- og skipulagsnefnd felur sveitarstjóra að auglýsa tillögu að deiliskipulagi skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt samhljóða

1.5. *Deiliskipulag athafnasvæðis á Þórshöfn.* Lögð var fram skipulagslýsing um fyrirhugað deiliskipulag athafnasvæðis við Þórshöfn. Þar er m.a. gerð grein fyrir viðfangsefni og forsendum.

**Bókun um afgreiðslu:** Umhverfis- og skipulagsnefnd felur sveitarstjóra að kynna lýsinguna almenningi og hagsmunaraðilum og senda hana umsagnaraðilum skv. skipulagslögum nr. 123/2010.

Samþykkt samhljóða

1.6. *Deiliskipulag kirkjugarðs Þórshafnarkirkju.* Lögð var fram skipulagslýsing um fyrirhugað deiliskipulag kirkjugarðs Þórshafnarkirkju. Þar er m.a. gerð grein fyrir viðfangsefni og forsendum.

**Bókun um afgreiðslu:** Umhverfis- og skipulagsnefnd felur sveitarstjóra að kynna lýsinguna almenningi og hagsmunaraðilum og senda hana umsagnaraðilum skv. skipulagslögum nr. 123/2010.

Samþykkt samhljóða.



### 3. Hafnartangi á Bakkafirði, lóðablað

Lögð fram tillaga að lóðarblaði og stofnun lóða á Hafnartanga á Bakkafirði. Hagsmunaðilum var gefinn kostur á umsögn. Aths. barst frá eiganda Hafnartanga 2 þar sem hann óskaði eftir því að lóð 2 verði í flútti við samliggjandi lóð 2b. Komið var til móts við athugasemdir

**Bókun um afgreiðslu:** Lóðarblað samþykkt og sveitarstjóra falið að klára málið og gera lóðarleigusamninga.  
Samþykkt samhljóða.

### 4. Umsókn um stofnun lögbýlis að Hólum

Lögð fram umsókn um stofnun lögbýlis að Hólum frá Stefáni Rúnari Sigurbjörnssyni, dags. 21.11.2018 ásamt uppdrætti.

**Bókun um afgreiðslu:** Málinu frestað.  
Samþykkt samhljóða.

### 5. Eftirlitsskýrsla UST, dags. 25.9.2018, vegna urðunarstaðarins á Bakkafirði

Skýrslan lögð fram.

### 6. Landfræðilegar upplýsingagögn sveitarfélaga, frá Þjóðskrá Íslands, móttakið 7. nóvember 2018

Erindið lagt fram.

### 7. Umsókn um skilti frá Bárinni

Lögð fram umsókn frá KNA veitingum ehf um rými fyrir auglýsingaskilti fyrir Báruna.

**Bókun um afgreiðslu:** Nefndin mælir með því að veitt verði tímabundið og skilyrt leyfi fyrir skilti utan lóðamarka Fjarðveggar 2 á horni Fjarðarveggar og Eyrarveggar. Skilyrði er að skiltið verði fjarlæggt komi um það ósk frá sveitarfélaginu.  
Samþykkt samhljóða

### 8. Viðbyggingar við Hafnargötu 13b á Bakkafirði

Lagðar fram ljósmyndir af viðbyggingum við Hafnargötu 13b á Bakkafirði.

**Bókun um afgreiðslu:** Umhverfis- og skipulagsnefnd felur sveitarstjóra að koma því á framfæri við íbúa Langanesbyggðar að nauðsynlegt sé að sækja um leyfi fyrir viðbyggingum og öðrum breytingum húsnæðis sem falla undir gildissvið bygginga-reglugerðar.

### 9. Umhverfisáætlun vegna urðunarstaðar á Bakkafirði

Skv. 2. gr. starfsleyfis fyrir urðun sorps á Bakkafirði, skal Langanesbyggð setja sér umhverfismarkmið um rekstur urðunarstaðar á Bakkafirði fyrir 1. maí 2019.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjóra falið að gera tillögu um umhverfisáætlun sem lögð verði fyrir nefndina.



## LANGANESBYGGÐ

### **10. Önnur mál**

Engin.

Fleira ekki gert.

Fundargerð upp lesin og fundi slitið kl. 12:30.